FW: Listaverkið Kópur við Þinghól liggur undir alvarlegum skemmdum.

Til	:	Skjalavarsla skjaladeild <Skjalavarsla@kopavogur.is>
Frá	:	Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Heiti	:	FW: Listaverkið Kópur við Þinghól liggur undir alvarlegum skemmdum.
Málsnúmer	:	23052142
Málsaðili	:	Geir Guðmundsson
Skráð dags	:	30.05.2023 08:13:03
Höfundur	:	Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Viðhengi	:	image001.jpg 2022-10-22 11.33.22.jpg 2022-07-25 23.48.49.jpg 2022-08-12 18.23.56.jpg 2022-08-12 18.24.22.jpg 2022-08-12 18.24.33.jpg 2022-08-12 18.23.36.jpg

Kveðja,

Sigurbjörg H. Hauksdóttir

Þjónustustjóri þjónustuver

441 0000 | sigurbjorg@kopavogur.is

Kópavogsbær kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

Fyrirvari/disclaimer

From: Geir Guðmundsson **Sent:** laugardagur, 27. maí 2023 16:46**To:** Þjónustuver Kópavogsbæjar **Cc:** Soffía Karlsdóttir ; Elísabet Berglind Sveinsdóttir - varabæjarfulltrúi ; Margrét Tryggvadóttir **Subject:** Listaverkið Kópur við Þinghól liggur undir alvarlegum skemmdum.

Til umsjónaraðila útilistaverka í Kópavogi og Lista- og menningarráðs, og eða þeim sem málið kemur við.

Sæl

Ég vil benda á að listaverkið Kópur eftir Grím Marinó Steinþórsson, sem er við Þinghól í botni Kópavogs, liggur undir alvarlegum skemmdum.

Mikið vindálag er á verkið, sem virkar eins og segl sem grípur vindinn og það eru komin þreytubrot í stálvirki verksins og festingar farnar í sundur á tveimur eða þremur stöðum, þannig að núna sveiflast það í vindi sem veldur enn meira brot-álagi á það og ný stór þreytubrots-sprunga er farin að vaxa eftir verkinu miðju sem mun innan skamms taka það í sundur, þannig að það fellur til jarðar, ónýtt og getur mögulega valdið skaða eða tjóni á fólki og málleysingjum ef það er við verkið þegar það brotnar endanlega í tvennt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Það er nauðsynlegt að taka verkið niður í sumar og fara með í viðgerð og sjóða aftur þessar brotnu rafsuður sem halda verkinu saman, en líka þarf að styrkja verkið með fleiri festingum, því það þolir greinilega ekki það vindálag sem er á staðnum og listamaðurinn hefur ekki getað reiknað burðarþol verksins út þegar hann gerði það. Möguleg getur öflug verkfræðistofa komið með endurbætur á hönnun verksins þannig að verkið þolir álagið, með óverulegum og snyrtilegum útlitsbreytingum. Kær kveðja

Geir

s. 771 8328

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026